

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 166/1972, um afgreiðslutíma lyfjabúða í Reykjavík.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Taka skal sérstakt afgreiðslugjald (söluskattur innifalinn), er sé það sama og afhendingargjald lyfseðilsskyldra lyfja skv. lyfjaverðskrá II, eins og það er hverju sinni, fyrir að afgreiða hvern einstakling á næturvörslu (þ. e. á tímabilinu kl. 22—9 eða 10 eftir því sem við á).

Gjald þetta má ekki innheimta, þegar um er að ræða afgreiðslu samkvæmt lyfseðli, sem greinilega er auðkenndur þannig, að hann skuli afgreiða þegar í stað og í næturvörslu (t. d. nocte).“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 15. nóvember 1981, jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 167/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

20. október 1981.

Nr. 612.

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25

10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum kr.
1. júní 1981	114 076,00	342 227,00
1. sept. 1981	124 271,00	372 813,00

Samgönguráðuneytið, 20. október 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.